

Ingólfur Arnarsson

Ingólfur Arnarsson

Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Municipal Art Museum

janúar – febrúar 1996

Ingólfur Arnarsson hefur tileinkað sér óhlutlæga myndgerð. Hann skapar hljóðlátar myndir, þar sem hann leggur sig fram við að einfalda efni og form til hins ýtrasta. Þetta eru myndverk gerð á steypu eða pappír sem listamaðurinn lætur ríma af mikilli fullkomnun við rými salarins. Ingólfur Arnarsson er einn af þeim ungu listamönnum sem hefur tekist að bæta við nýjum víddum í orðaforða óhlutbundinnar myndlistar.

Ingólfur Arnarsson has devoted himself to abstract art. He creates quiet works whose material and form he strives to simplify to the utmost. These works are done on concrete or paper, perfectly harmonized by the artist with the exhibition space. Ingólfur Arnarsson is one of the younger Icelandic artists who have succeeded in adding new dimensions to the vocabulary of abstract art.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar / Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík: *Guðrún Jónsdóttir*

*Marianne Stockebrand:* Í mínum huga fjalla verk Ingólfs Arnarssonar um birtu, léttleika og óendanleika. Þau virðast vera brothætt eins og japanskt postulín og verja sig þannig sjálf því að áhorfandinn áræðir ekki að snerta þau. Fínleiki sem felur einnig í sér hreinleika einkennir bæði málverk hans og teikningar. Þegar ég sá þessi verk í fyrsta sinn í mars 1990 vöktu þau athygli mína, einmitt vegna þess að þau voru ekki áberandi. Ekkert í þeim heimitaði athygli. Þau voru svo yfirlætislaus að það var auðvelt að láta sér sjást yfir þau. Ég komst að því að þetta var ein af fyrstu sýningunum þar sem Ingólfur sýndi ný verk sín, hvít málverk á steinsteyplötum og blýantsteikningar sem mörkuðu upphaf sjálfstæðs listamannsferils hans. Ég hafði sem sé komið til Reykjavíkur á alveg réttum tíma, en þangað átti ég það erindi að undirbúa sýningu listamannahóps sem ég bauð svo að taka þátt í sýningu sem var haldin í Kölnischer Kunstverein árið eftir. Í honum voru, auk Ingólfs, Anna Guðjónsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson, Tumi Magnússon og Finnbogi Pétursson. Ári síðar, haustið 1992, fór Ingólfur til Marfa í Vestur-Texas og

*Marianne Stockebrand:* Ingólfur Arnarsson's works suggest to me an expression of light, lightness and infinity. They give the fragile impression of Japanese porcelain and thereby protect themselves by making the spectator wary of touching them. Pristine delicacy is a characteristic of both his paintings and drawings. When I saw these works for the first time in March of 1990 they impressed me by their very inconspicuousness. Nothing about them demanded attention. They were so unassuming that it was easy to overlook them. I later found out this was one of Arnarsson's first exhibitions of new works, consisting of white paintings on concrete blocks and pencil drawings, which marked the start of his career as an independent artist. I had therefore arrived in Reykjavík at precisely the right time, with the intention, in fact, to prepare a show by a group that I later invited to exhibit at the Kölnischer Kunstverein the following year. Besides Ingólfur Arnarsson, the group comprised Anna Guðjónsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson, Tumi Magnússon and Finnbogi Pétursson. A year later, in autumn of 1992, Ingólfur Arnarsson went to Marfa, a small town in western Texas, to spend several weeks

dvaldist þar allmargar vikur sem gestur hjá Chinati Foundation, safni nútímalistar sem var stofnað af Donald Judd. Í lok dvalarinnar hélt hann sýningu á 2 málverkum og 36 blýantsteikningum sem Judd hreifst svo af að hann hélt þeim eftir til að hafa þau til stöðugrar sýningar í safninu. Síðan eru þessi verk alltaf til sýnis og óaðskiljanlegur hluti af Chinati Foundation ásamt installaþjónum eftir John Chamberlain, Ilya Kabakov, Claes Oldenburg, Roni Horn, Carl Andre og Donald Judd. Sýningarsalurinn er 27 metra langur en aðeins 6 metra breiður og lokaður á þrjú vegg. Fjórði veggurinn, annar langveggurinn, er með gluggaröð og dyrum í miðju. Listamaðurinn reyndi ekki að rjúfa þessa lengd, heldur lagði hann áherslu á hana með því að koma 36 blýantsteikningum fyrir á langveggnum andspænis gluggaröðinni og setti þær beint á vegginn, án ramma og festinga. Hvert einstakt blað er varla meira en lófastórt og bilið milli þeirra er alstaðar jafnt. Þegar komið er inn í salinn er ekki strax ljóst hvað er á veggnum. Að vísu sjást strax gráir ferhyrningar en í fyrstu er ekki hægt að greina hvort þeir eru á veggnum eða op í vegginn. Það er ekki fyrr en gengið er nær að ljóst verður

as artist-in-residence at the Chinati Foundation, a museum of contemporary art founded by Donald Judd. At the end of his stay he exhibited two paintings and 36 pencil drawings which so impressed Judd that he kept them as part of the museum's permanent collection. Since then, these works have been an inseparable part of the Chinati Foundation, on permanent exhibit alongside installations by John Chamberlain, Ilya Kabakov, Claes Oldenburg, Roni Horn, Carl Andre and Donald Judd. The long, narrow exhibition hall measures 27 metres by 6 metres and is closed on three sides. Only one of the long walls is open with a row of windows and a door in the middle. Instead of striving to subvert this emphatic length, Arnarsson underscored it by mounting 36 pencil drawings directly onto the long wall facing the windows, as if in response to them, without frames or holders. Each individual sheet is scarcely bigger than the palm of your hand and they are mounted at strictly regular intervals. On entering the hall it is not immediately clear what is on the wall. Admittedly, grey rectangles can be seen straight away, but on first impression it is impossible to tell whether they are on the wall or holes in it. Only up close do they transpire to be draw-





á.t. 2, 1990-91 á.t. myndröð / series 2, 1990-91  
sýning / installation: Kölnischer Kunstverein, Köln, 1991

að þetta eru teikningar, gerðar úr neti af hárfinum línum, líkustum köngulóarvef, nema að þær mætast ekki á miðjum fletinum. Línunet af þessu tagi þekja blöðin og eru jafnþétt allt út á jaðrana. Til þess að ná því teiknar listamaðurinn fyrst á örlítið stærri blöð og nemur svo utan af þeim til að fá endanlega stærð. Vefur af þéttum línum með ólíka stefnu myndar ýmist þétt eða gisin svæði þannig að grái liturinn verður fjölbreytilegur og myndar ýmist ljósari eða dekkri flekki sem gefa teikningunum eilítið órólegt yfirbragð. Myndflöturinn andar, hann er gagnsær eins og slæða. Teikningunum 36 er ekki raðað á vegginn eftir ákveðnu mynstri heldur eftir ákvörðun augnabliksins sem tekur tillit til frjálslegs taks grátónanna. Teikningar hafa frá upphafi gegnt miklu hlutverki í list Ingólfs. Mótun þeirra skerpir hugsunina og gefur henni form í línum og línunetum. Þó að stíllinn hafi breyst í tímans rás má finna í eldri teikningum svipmót sem enn einkennir verk hans. Einhver fyrstu dæmin um þetta eru teikningar sem Ingólfur birti í lítilli bók, frá 1980, meðan hann var í námi í Jan van Eyck Akademie í Maastricht. Þær eru svo fingerðar og línurnar svo grannar að slíkt

ings made from a mesh of fine lines, most resembling a spider's web, except lacking a radial structure. Meshes of this kind cover the sheets of paper and are consistently spaced all the way out to the edges. In order to achieve this arrangement, the artist first draws on a marginally larger piece of paper then cuts it down to its eventual size. The web of cross-hatching in all possible directions forms either tight or loose zones, variegating to the grey colour with alternately lighter and darker patches that lend the drawings a slight touch of restlessness. The pictorial surface breathes, it is transparent like a veil. The 36 drawings are not arranged along the wall in a definite scheme, but rather according to an intuitive notion which takes into account the loose rhythms of the greyness. Drawing has always played an important role in Ingólfur Arnarsson's work. It renders thought lucid and endows it with form through lines and cross-hatching. Although his style has changed in the course of time, features can be found in his earliest drawings which still characterize his work. Among the earliest examples are drawings that Arnarsson published in a small book from 1980 when he was still a student at the Jan van Eyck Akademie in Maastricht. They

hefur ekki sést nema í svokölluðum „invisible drawings“ (ósýnilegar teikningar) eftir Walter de Maria. Þær eru í raun og veru varla sýnilegar svo að einungis er hægt að renna grun í hvað þær eiga að tákna: landslag, gróður eða formleysu. Upphaf þeirra er hlutkennt, en þær eru á góðri leið með að losa sig úr þeim viðjum. Teikningar sem voru gerðar nokkru síðar og birtar í bók sem Ingólfur gaf út 1985 sýna ótvírætt landslag. Einkenni þeirra er að útlínum er hafnað og í stað þeirra dregnar langar samsíða brautir með mjúkum, breiðum blýanti. Láréttar línur hafa meiri áherslu en lóðréttar. Nú er myndfletinum oft skipt í svæði en mörk þeirra eru oft mjúk, beinlínis óskörp. Myndefnið, til dæmis fjall eða dalur, er nú ofið inn í „chiaroscuro“ (ljós- og skuggavirkni) heildarinnar. Teikningar frá árinu 1987, prentaðar í bókinni „Tvær bækur“, sýna enn skýrar þá tilhneigingu að láta hið hlutlæga hverfa og fela það bakvið slæðu þar sem blóm, eitt eða fleiri, koma fram eins og á „frottage“ (áferðarafþrykk). Héðan er ekki langt í það að teikningarnar losi sig alveg frá því hlutlæga eins og sjá má í þeim sem sýndar eru í Marfa. Í installasjóninni í Chinati Foundation eru tvö

are so finely wrought and the lines so thin that their like has been seen only in Walter de Maria's "invisible drawings." In effect they are scarcely visible, merely hinting at what they are supposed to represent: landscape, something botanical or amorphous. They have a concrete starting point but are well on their way to freeing themselves from it. Unmistakable landscapes are presented in a number of drawings that Ingólfur Arnarsson made later and published in a book from 1985. One of their characteristic features is to reject outlines and replace them with long parallel tracks made with a soft, broad pencil. Horizontal lines dominate vertical ones. The pictorial surface tends to be divided into areas whose borders are often soft or even vague. Their subject – a mountain, a valley – is woven into the chiaroscuro of the whole. Arnarsson's drawings from 1987, printed in the book "Tvær bækur" (Two Books), show even more clearly a tendency to subjugate the concrete and conceal it behind a veil where one or more flowers is represented, as in a frottage. From here, it is only a short step before the drawings free themselves completely from concretion, as may be seen in the works on display in Marfa. The Chinati Foundation installation also contains





å.r. 1992-93

sýning / installation: Museum moderner Kunst, Landkreis Cuxhaven, 1993



á.t. 5 (permanent magenta), 1993

málverk sem komið er fyrir á þverveggjum salarins og afmarka langa röð teikninganna. Þau eru á miðjum vegg eins og ævinlega í installasjónum með málverkum af þessu tagi, alveg óháð breidd veggjarins. Málverkin eru úr fjögurra sentimetrá þykkum steinsteyplötum, 60 sm á hæð og 50 sm á breidd. Það er stærð sem listamaðurinn hefur mætur á vegna þess að hlutföllin eru í jafnvægi milli ferhyrnings og fernings. Steinsteypan er máluð með mörgum lögum af hvítri málningu og yfirborðið sléttað að því marki að það er að vísu jafnt en þó ekki formlaust, líkast hrjúfum pappír. Kantarnir eru ómálaðir þannig að skuggi myndast umhverfis allt málverkið og lyftir hvítum myndfletinum, sem næstum rennur saman við jafnhvít umhverfið, greinilega frá veggnum. Það vottar fyrir lit á köntunum og á tvö eða þrjú horn hefur listamaðurinn dregið lit með einum pensildrætti, fölan gulan, grænan, gráan, bláan eða rauðan lit. Liturinn er þynntur svo mjög að varla er munur á gráu og bláu. Þetta er í rauninni aðeins vottur af lit, næstum eins og skuggi litar, svo að segja litlaus litur. Ingólfur leggur áherslu á horn málverksins sem skírskota þannig til horna veggjarins og gefa

two paintings mounted on the short walls of the exhibition space, enclosing the long series of drawings. As is always the case with installations of such paintings, they are placed in the centre of each wall, irrespective of its width. They consist of 4 cm thick concrete slabs measuring 60 cm high and 50 cm wide, a format which appeals to the artist because its proportions lie in equilibrium between a rectangle and a square. The concrete is covered with many layers of white paint and its surface smoothed to the extent that it is even, yet still possesses some kind of structure, like coarse paper. The edges are unpainted and a shadow is formed around the painting, raising the white pictorial surface, which almost merges with its white environment, clearly from the wall. There are hints of colour on the edges, and in two or three corners he has applied a single brush-stroke – pale yellow, green, grey, blue or red. The colour has been thinned extensively, so that the difference between grey and blue is scarcely discernible. This is really a hint of colour, almost its own shadow, a colourless colour, so to speak. Arnarsson emphasizes the corners of the painting which thereby align with the corners of the walls and lend the painting a certain stability. Without this sta-



málverkinu ákveðinn stöðugleika. Án þeirra mundi það svífa og þar með gegna áþekku hlutverki og „dot paintings“ (punktamálverk) og „discs“ (skífur) eftir Robert Irwin. Ingólfur hefur ekki áhuga á einhverjum slíkum fyrirbærum, heldur á áþreifanlegum hlutum í ótvíræðum tengslum við umhverfi sitt. Þessi tengsl milli veggjar og rýmis eru mikilvægur þáttur í verkum hans, og þeirra gætir í afstöðu teikninganna jafnt og málverkanna til veggjarins, hvort sem þau eru á honum, fyrir framan hann eða í honum. Nýrri málverkin sem hafa orðið til á síðustu tveimur árum eða svo eru aðeins 20 sentímetra breið og þar með verulega miklu mjórrí en hin fyrri og voru einnig ætluð til samræðu við rýmið. Þessar „ræmur“ eru settar á vegginn með misjöfnu millibili til að tryggja ákveðna hrynjandi. Í þessum installasjónum eru bilin milli myndanna jafnmikilvæg og myndirnar sjálfar og þau ráða hrynjandinni. Installasjón af þessu tagi styðst við láréttan afmarkaðan neðri hluta myndanna sem nær yfir næstum fjórðung af hæð þeirra og er málaður með vatnslit. Þegar litið er eftir myndaröðinni endilangri verkar þetta eins og sjóndeildarhringur og myndfletirnir eins og úrklippa af út-

bility, the painting would hover and become more like Robert Irwin's "dot paintings" and "discs". Arnarsson is less interested in such phenomena than in concrete, tangible objects that are unequivocally linked with their environment. This wall-space reference is an important element in his works, and can be noticed equally in the drawings' and paintings' position on/in front of/in the wall. The newer paintings produced over the past two years are considerably narrower than their forerunners at only 20 cm wide. They too were conceived as a dialogue with architecture. These "strips" are mounted on the wall at irregular intervals to realize a certain rhythm. In these installations, the spacing of the paintings is just as important as the paintings themselves, and together they constitute the rhythm of the work. Such an installation is stabilized by the horizontally delimited lower sections of the paintings, which are watercoloured and account for almost a quarter of their height. The whole series, viewed lengthways along the wall, gives the impression of a horizontal line, and the pictorial surfaces act like a section from an inverted panorama, producing here, too, the ambivalent relationship to the wall that could be seen in his earlier works. In a



sýni sem hverfist innávið, þannig að einnig hér kemur fram þessi tvíræða afstaða til veggjarins sem sjá mátti í öðrum verkum. Í þeim er líka eins og endurómur af íslensku landslagi: himinn, víðátta, gróðurleysi og litleysi. Þegar ég ræddi við Ingólf um notkun vatnslita í verkum hans sagðist hann oft spyrja sjálfan sig hvernig hann gæti beitt vatnslitum á nútímalegan hátt. Að mínu álitum liggur þar að baki spurningin um það hvernig unnt sé að leggja stund á málverk á nútímalegan hátt. Þó að ég geti ekki svarað þessari spurningu svo tæmandi sé, hvað þá fyrir munn Ingólfs Arnarssonar, þá sýnist mér víst að það sé skoðun hans að málverk sé ekki lengur einstakt fyrirbæri heldur hluti af samhengi sem verði að skoða í tengslum við umhverfi sitt. Sparlega notuð tjáningartæki og takmörkun við það nauðsynlega virðist mér einnig vera markmið. List er nefnilega einnig siðferðileg tjáning, það er að segja tjáning ákveðinnar afstöðu til lífsins sem í þessu tilfelli virðir Ísland og íslenskar hefðir. Það er vissulega hæpið að kalla list Ingólfs íslenska því að hún er alþjóðleg, en hún er samt nátengd Íslandi á finlegan og margræðan hátt.


completely concealed manner, echoes of landscape re-emerge which, like the pencil drawings, contain much of the Icelandic landscape: sky, vastness, barren land and colourlessness. When I discussed with him the use of watercolours in his paintings, Ingólfur Arnarsson said he often asked himself how he could apply watercolours in a modern way. In my opinion the underlying question is really how artists can paint in a modern way. Although I cannot offer a comprehensive answer and definitely cannot speak for Ingólfur Arnarsson himself, it seems certain that he believes the painting is no longer an isolated phenomenon but rather part of a context that must be seen in relation to its environment. Economical use of the medium, reducing it to its bare essentials, seems to me to be an additional motive. After all, art is also ethical expression, the expression of a standpoint towards life which in this case pays tribute to Iceland and its traditions. Of course I am reluctant to call Ingólfur Arnarsson's art Icelandic, because it is international, yet it is linked to Iceland in a wonderful and subtle way.

Veggverkin í þessari sýningarskrá eru annars vegar blyantsteikningar gerðar á hvítan pappír og hins vegar vatnslitir á grunnaða steinsteypu. Stærð teikninga er 20,5 x 14,5 sm 1990–91 en 21,3 x 15,3 sm 1991–95. Steinsteypuverkin eru í tveimur stærðum, 60 x 50 x 4 sm eða 60 x 20 x 5 sm. Sumstaðar er vísað til lita og litablandna sem notaðar eru og er þá vísað til litaheita framleiðanda litanna. Öll verkin eru án titils (á.t.).

The wall works reproduced in this catalogue are either pencil drawings on white paper or watercolour on primed concrete. The size of each drawing is 20.5 x 14.5 cm 1990–91 and 21.3 x 15.3 cm 1991–95. The concrete works are in two sizes, 60 x 50 x 4 cm or 60 x 20 x 5 cm. Sometimes references are made to the colours and colour mixes used. These are the colour terms of the manufacturer. All works are untitled. (á.t.)



á.t. 5 (charcoal grey), 1 (indian yellow / scarlet lake), 6 (charcoal grey / yellow ochre), 7 (indian yellow / scarlet lake), 1994–95  
sýning / installation: Städtisches Museum Abteiberg, Mönchengladbach, 1995



á.t. 2 (charcoal grey / azure blue), 4 (emerald green / lemon yellow), 3 (winsor violet / charcoal grey), 1994-95







á.t. 1, 1992 á.t. 1991-92 (eigandi / owner: The Chinati Foundation)  
sýning / installation: The Chinati Foundation, Marfa, 1992






á.t. 1993 (eigandi / owner: Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavík Municipal Art Museum)









á.t. 1994-95 á.t. 6, 1994-95

sýning / installation: Städtisches Museum Abteiberg, Mönchengladbach, 1995



đ.t. 3, 1994-95



4.t. 1, 1994-95






đ.đ. 2, 1994-95



á.t. 4, 1994-95



teikningar á vinnustofuvegg / drawings on studio wall, 1991

á.t. 1995, (teikningar prentaðar í raunstærð / drawings reproduced in actual size) ▶









## Æviatriði / Biography

- 1956 Fæddur í Reykjavík / Born in Reykjavík
- 1974–78 Myndlistarskólinn í Reykjavík / Reykjavík School of Art
- 1976–79 Myndlista- og handiðaskóli Íslands / Icelandic College of Art and Crafts, Reykjavík
- 1979–81 Jan van Eyck Akademie, Maastricht
- 1976–79 Meðstofnandi og -stjórnandi Gallerí Suðurgötu 7, Reykjavík / Co-founder and co-director of Gallerí Suðurgata 7, Reykjavík
- 1979– Umsjón með ýmsum listviðburðum fyrir Nýlistasafnið, Reykjavík / Organization of various events for the Living Art Museum, Reykjavík
- 1983–93 Deildarstjóri Fjöltæknideildar Myndlista- og handiðaskóla Íslands, ásamt Helga Þorgils Friðjónssyni til 1988 / Director of the Mixed Media Department of the Icelandic College of Art and Crafts, with Helgi Þorgils Friðjónsson until 1988
- 1992– Meðstofnandi og -stjórnandi sýningarsalarins Önnur hæð Reykjavík, ásamt Péttri Arasyni / Co-founder and co-director of Second Floor exhibition space with Pétur Arason

## Helstu einkasýningar / Selected solo exhibitions

- 1996 Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavík Municipal Art Museum  
Ingólfsstræti 8, Reykjavík
- 1995 Städtisches Museum Abteiberg, Mönchengladbach  
Slunkaríki, Ísafirði
- 1993 Museum moderner Kunst, Landkreis Cuxhaven, studio a, Otterndorf
- 1992 The Chinati Foundation, Marfa, Texas (föst sýning / permanent installation)
- 1989 Gallerí Krókur, Reykjavík  
Gallerí Birgir Andrésson, Reykjavík
- 1988 Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík
- 1985 Slunkaríki, Ísafirði  
Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík
- 1983 Gangurinn / Corridor, Reykjavík
- 1982 Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík  
Rauða húsið, Akureyri
- 1980 Ásmundarsalur, Reykjavík

## Helstu samsýningar / Selected group exhibitions

- 1995 Donald Judd and Artist Friends, Galerie nächst St. Stephan, Rosemarie Schwarzwälder, Wien  
Íslensk abstraktlist – endurskoðun / Icelandic abstract art – under review, Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavík Municipal Art Museum  
Fragments, Ernst Museum, Budapest  
Papierarbeiten, Köstring / Maier, München
- 1994 Ludwig Goeswitz und seine isländischen Freunde / and his Icelandic friends, Haus am Lützowplatz, Berlin
- 1993 Räume für neue Kunst – Rolf Hengesbach, Wuppertal

- 1991 Kunstverein St. Gallen in Katharinen  
Kunst, Europa – Island, Kölnischer Kunstverein  
Nordiska teckningar, Nordiskt Konstcentrum, Sveaborg, Helsinki (farandsýning / travelling exhibition)
- 1990 Norræna húsið, Reykjavík
- 1987 Galerie Leger, Malmö  
Kex, Kulturhuset, Stockholm, UKS, Oslo
- 1985 Aurora I, Nordiskt Konstcentrum, Sveaborg, Helsinki
- 1984 Filiale, Basel  
Iceland: The Art Revealed, Franklin Furnace, New York
- 1983 Reykjavík — Amsterdam, Ter Weerszijden van de Meridiaan, Museum Fodor, Amsterdam
- 1981 S:t Petri, Lund
- 1979 Zona, Firenze

Verk í stofnunum / Collections

Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland  
Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum  
Nýlistasafnið / Living Art Museum, Reykjavík  
Listasafn Ísafjarðar / Art Museum of Ísafjörður  
Museum moderner Kunst, Landkreis Cuxhaven  
The Chinati Foundation, Marfa, Texas

Sýningarskrár og lefni síðan 1991 / Catalogues since 1991

Kunst, Europa – Island, Kölnischer Kunstverein, 1991  
Skrif / Texts: Marianne Stockebrand, Einar Guðmundsson, Sabine Müller

Ingólfur Arnarsson, Kunstverein St. Gallen, 1991  
Skrif / Text: Roland Wäspe

Ingólfur Arnarsson, Museum moderner Kunst, Landkreis Cuxhaven, 1993  
Skrif / Text: Ulrike Schuck

Ludwig Gosewitz und seine isländischen Freunde / and his Icelandic friends, Haus am Lützowplatz, Berlin, 1994  
Skrif / Texts: Listamennirnir / The artists

Íslensk abstraktlist – endurskoðun / Icelandic Abstract art – under review, Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur, /  
The Reykjavík Municipal Art Museum, 1995  
Skrif / Text: Gunnar B. Kvaran

Ingólfur Arnarsson, Städtisches Museum Abteiberg, Mönchengladbach, 1995  
Skrif / Text: Hannelore Kersting

Ingólfur Arnarsson, Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavík Municipal Art Museum, 1996  
Skrif / Text: Marianne Stockebrand

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík: Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair  
Guðrún Ágústsdóttir, Helgi Pétursson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Þorvaldur Þorsteinsson,  
Tryggvi Baldvinsson

Förstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of the Reykjavik Municipal Art Museum: Gunnar B. Kvaran

Ljósmyndun / Photography: Boris Becker, Ingólfur Arnarsson, Kristján Pétur Guðnason, Marisa Arason, Todd Eberle,  
Wolfgang von Contzen

Þýðing / Translation: Baldur Ingólfsson, Bernard Scudder

Yfirlestur handrita / Proofreading and editing: Bernard Scudder, Mördur Arnason

Úmsjón með gerð sýningar og sýningarskrár / Curator and catalogue production: Kristín G. Guðnadóttir

Hönnun sýningarskrár / Catalogue design: Hildigunnur Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla / Colour separation and montage: P M S Prentmyndastofa

Prentun og bókbönd / Printing and bookbinding: G. Ben - Edda Prentstofa hf.

Þakkir / Thanks: Marianne Stockebrand, Räume für neue Kunst -Rolf Hengesbach, B.M. Vallá -Hermann Guðmundsson

© Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur og textahöfundur / The Reykjavik Municipal Art Museum and author



Kjarvalsstaðir - Listasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Municipal Art Museum

janúar - febrúar 1996



9 789979 874621